From: Þórdís Stella Erlingsdóttir
Sent: þriðjudagur, 9. nóvember 2021 13:43
To: Helga Jóna Jónasdóttir - VG
Subject: Hliðarvegur í Lækjarbotnum

Categories: GoPro.net: Skjalað undir 2021070069 - Hönnun og undirbúningur 2021 - Hringvegur (1) Fossvellir – Hólmsá - Í vinnslu (mál)

Sæl Helga,

Meðfylgjandi er umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um ofangreinda framkvæmd, en hún barst í dag:

Umsögn HHK

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fjallaði um ofangreint erindi Skipulagsstofnunar á fundi sínum þann 25. október 2021. Eftirfarandi var fært til bókar.

1. ,, *Kópavogur, gerð hliðarvegs meðfram hluta Suðurlandsvegar í Lækjarbotnum.*
Þann 24. september 2021 barst heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun um gerð hliðarvegar meðfram hluta Suðurlandsvegar í Lækjarbotnum. Framkvæmdin tengist breikkun Suðurlandsvegar milli Fossvalla og Hólmsár og er á forræði Vegagerðarinnar. Tilkynningin er með vísan til 19. greinar laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.
Með erindi Vegagerðarinnar fylgir skýrsla; Breikkun Suðurlandsvegar: ,,Fossvellir – Hólmsá Hliðarvegir í Lækjarbotnum. Tilkynning um framkvæmdir / Fyrirspurn um matsskyldu‘‘, dagsett september 2021. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um ofangreinda framkvæmd. Frestur til að veita umsögn var gefin til 25. október en stofnunin veitti frest til 1. nóvember.‘‘

Bókun heilbrigðisnefndar:
,,Heilbrigðisnefnd telur ekki þörf á að áformuð framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir við breikkun Suðurlandsvegar í gegnum vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins hafa verið í bígerð um langt árabil og fóru þau áform í gegnum mat á umhverfisáhrifum fyrir liðlega áratugi síðan. Nefndin lítur svo á að gerð hliðarvegar sé óhjákvæmileg framkvæmd til að tryggja umferðaröryggi í tengslum við breikkun Suðurlandsvegar. Bæði er varðar umferð frá Waldorfsskóla og frá hluta sumarhúsabyggðarinnar í Lækjarbotnum. Nefndin hefur þegar samþykkt starfsleyfi vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar á sama svæði.‘‘

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gerði grein fyrir erindinu og samþykkt heilbrigðisnefndar á fundi Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu sem haldinn var þann 28. október. Liður 11 á dagskrá framkvæmdastjórnar. Eftirfarandi var fært til bókar:

> ,,Umsögn um framkvæmdir varðandi hliðarveg við Suðurlandsveg. Kynnt bókun heilbrigðisnefndar og hún lögð fram. Heilbrigðisnefnd telur að ekki þurfi að fara í umhverfismat. Í vinnslu“

Samantekið:

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis telur ekki þörf á að boðuð framkvæmd við Hliðarveg þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

F.h. heilbrigðisnefndar
Páll Stefánsson
Deildarstjóri.

Kveðja,

Þórdís Stella Erlingsdóttir
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun